



Alþingi - nefndasvið


Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 354. mál.

Með tölvubréfi, dags. 27. mars sl., sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál.

Reykjavíkurborg vísar til fyrri athugasemda borgarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitafélaga, dags. 12. apríl sl.

Til viðbótar þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögn Sambandsins vekur Reykjavíkurborg athygli á að verði 2. máls. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins að lögum, þ.e. að hjónum verði veitt ótakmörkuð heimild til að skrá lögheimili sitt á sitt hvorum staðnum, getur það stuðlað að því að tekjuháir einstaklingar skrái lögheimili sitt í sveitarfélögum sem hafa lágt álagningarhlutfall útsvars án þess að hafa þar raunverulega búsetu. Reykjavíkurborg leggst ekki gegn því að hjón geti í undantekningartilvikum haft sitt hvort lögheimilið, en leggur áherslu á að sú heimild verði takmörkuð við tiltekna aðstæður til að koma í veg fyrir framangreinda misnotkun.

F.h. Reykjavíkurborgar



Ívar Örn Ívarsson